




Grunnmynd sýrugeymslu 1 : 50




A SNID
C41.311 1 : 50




Vestur 1 : 50



Austur 1 : 50



Suður 1 : 50



Norður 1 : 50

ÓSABOTNAR - SÝRUGEYMSLA

Lóð: Lambhagatá;
Landnr. L217656;
Stærð: 24,7 m²

BYGGINGARLÝSING:

Bygging fyrir geymslu á brennisteinssýru sem notuð er til íblöndunar við heitt vatn, í nærliggjandi dælustöð, til að koma í veg fyrir úfellingar.

BURÐARVIRKI:

Sökkull, gölfplata og steypt athafnasvæði utan við byggingu eru úr járnþentri steinsteypu. Burðarvirki útvegja er 45x145 mm timburstöðir og er þakið byggt upp af 45x245 mm timbursperrum.

BOTNPLATA OG SÖKKLAR:

Botnplata og sökkjar eru úr járnþentri steinsteypu. Sökkjar eru 200 mm og einangraðir að utan amk efstu 500 mm með 75 mm sökkuleinangrun og með viroc plötu í efsta lagi. Þró undir plastkór eru einng einangruð. Botnplata er 200 mm þykk og einangruð með 100 mm plasteinangrun undir allri plötunni. Botnplata undir þró er 235 mm þykk og einng einangruð með 100 mm plasteinangrun.

ÚTVEGGIR:

Útveggir eru byggðir upp með 45x145 mm timburstöðum c/c 600 mm einangraðir með 145 mm steinull með vindpappa. Að utanverðu er veggur klæddur af með 9 mm krossviðspötum og standandi báraðri stálklæðningu á lektum. Að innanverðu er útveggur klæddur af með 16 mm rakavörðum spónarplötum.

ÞAKVIRKI:

Þakið er einhalla byggt upp af 45x245 mm c/c 600 mm timbursperrum. Þakið er klætt með gísi borðklæðningu fyrir aukna loftun og með tvöföldum þakpappa og báraðri stálklæðningu á lektum. Einangrað er með 200mm steinull með vindpappa. Loftklæðning er úr flokki 1. Þakið er loftað með 3stk ø40mm loftunarröri í hverju sperrubili.

INNIVEGGIR OG HURDIR:

Engir inniveggir eru í byggingunni. Úthúður (hurðaflekar) eru 900 mm að breidd (0,9x2,1 m). Lönaðarhurð er 4.000 m að breidd og 3.000 m að hæð (4,0x3,0 m).

BRUNAVARNIR:

Mannvirkið er í notkunarflokki 1. Handslökkvitæki (6L létvatnstæki) er staðsett við inngang og reykskynjari er efst í þaki við norðurhlíð byggingar.

LOFTRÆSING / UPPHITUN:

Loftræsing er vélræn og er húsið upphitað með ofnakerfi.

VARNIR GEGN BRENNISTEINSSÝRU:

Brennisteinssýra er sterk sýra og mjög ætandi. Brennisteinssýra flokkast sem hættulegt efni samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnaþandna, og getur valdið alvarlegum bruna á húð og augnskaða. Í geymslunni er neyðarsturta ásamt augn-/andlitsvaski. Hættumerkt efni eiga að vera geymd á öruggan hátt í læstri geymslu og halda skal efnaflsta yfir efni sem geymd eru þar. Umbúðir hættulegra efna eiga samkvæmt reglugerð að vera merktar með hættumerkjum sem gefa hættur sem stafa af efnum til kynna. Auk merkinga á umbúðum skal merkja geymsluna þar sem hættuleg efni eru notuð með öryggismerkjum. Merking geymslu skal vera í samræmi við reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, nr. 707/1995.

Hættumerktum efnum á að fylgja öryggisblöð. Öryggisblöð eru upplýsingablöð í sextán liðum þar sem fjallað er um hættur, forvarnir, persónuhlífar og svo framvegis sem eiga að vera geymd á öruggan hátt. Hættumerktum efnum fyrir brennisteinssýruna tekur mið að upplýsingum um meðhöndlun og geymslu sem kemur fram á öryggisblaða fyrir sýruna. Sýran er geymd í þétt lokuðum, upprunalegu líati og á vel loftræstum stað. Loftræsing er vélræn og geymslan er upphitð með ofnakerfi til að tryggja að enginn raki myndist inni í rýminu og verja sýruna fyrir frosti. Með loftræsingunni verður einng tryggt að mengunarmörk brennisteinssýru sé innan þeirra marka sem tilgreind eru í reglugerð nr. 390/2008.

Frágangur rýmisins tekur mið á að koma í veg fyrir að ósamrýmanleg efni komist í snertingu við brennisteinssýruna, eins og vatn/raki, algenga málmar, afoxunarefni, basísk efni og eldfim efni. Mest verða geymdir 4 x 700 lítrar af brennisteinssýru í fjórum 1 m³ í upprunalegum umbúðum ofan á tveimur plastkórur úr plastefni sem þolir brennisteinssýru. Komi leki á umbúðir fer brennisteinssýran ofan í plastkórinn sem eru ofan í steyptri þró. Hvert plastkar rúmar 1.140 lítra. Rúmtak steyptu þróarinnar er 3,93 m³. Gölfhali hallar frá þrónni til að koma í veg fyrir að raki eða bleyta komist ofani plastkórinn eða steyptu þróna. Steypt þró verða meðhöndluð með epoxy efnum til að verja steyptuna. Veggir að innanverðu verða klæddir með rakavörðum spónarplötum og málaðar með plastmálningu til að verja þá fyrir mögulegum slettum ef leki kemur á umbúðir fyrir brennisteinssýruna.

TÁKN:

- R: Reykskynjari
- SS: Spúlslanga
- HS: Handslökkvitæki
- GSN: Gegnumstreymisnf.
- NF: Niðurfall
- LR: Loftræsing
- SV: Skolvaskur
- NS: Neyðarsturta

Allur frágangur, efni og smíð hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð. Öll mál eru í mm, nema annað sé tekið fram



www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMBÝKKT:

C	30.09.2022	Byggingarlýsing	AE
B	22.09.2022	Byggingarlýsing	AE
A	06.07.2022	VERKTEIKNING	AE

ÚTG	DAGS	SKÝRINGAR	HANNAÐ
-----	------	-----------	--------

SELFOSSVEITUR, ÁRBORG
LAMBHAGATÁ, FLÓAHREPPI
Sýrugeymsla - Óðaluppdráttur
Grunnmynd, snið og ásýndir
Byggingarlýsing

VERKFANG 15184 TEIKNING C41.311 C